

## **5. fundur umhverfis- skipulags- og bygginganefndar** haldinn á skrifstofu

Langanesbyggðar, Fjarðarvegi 3, Þórshöfn, þriðjudaginn 30. nóvember 2010 kl. 12:00

Mætt: Jóhanna Helgadóttir formaður, sem ritaði fundargerð á tölvu, Steinunn Leósdóttir, Josteinn Hermundsson og Vikar Már Vífilsson. Einnig sat fundinn Gunnólfur Lárusson sveitarstjóri.

### **Dagskrá:**

#### **1. Umsókn á flutning eldsneytisgeymis á Þórshöfn dags. 22.11.2010**

Í umsókninni er Olíudreifing ehf., að óska eftir því að fá að færa núverandi eldneysisgeymi 825m<sup>3</sup> frá núverandi staðsetningu vestan við verksmiðjuhús Ísfélagsins inn á lóð Olíudreifingar ehf., við Bakkaveg.

Sett verði upp olíuþró, löndunarlögn löguð og endurnýjuð, sett verði upp nýtt dæluhús og loks sett upp ný afgreiðslulögn að ketilhúsi Ísfélagsins. Meðfylgjandi eru teikningar frá Olíudreifingu ehf. Leitað hefur verið umsagna frá Brunamálastofnun og Heilbrigðisnefnd á grundvelli 117. gr. í byggingarreglugerð nr. 441/1998 en þær hafa ekki borist.

USB leggur til við sveitarstjórn að erindið verði samþykkt ef jákvæðar umsagnir fást frá Brunamálastofnun og Heilbrigðisnefnd, einnig með fyrirvara um fullnægjandi skil á skráningargögnum mannvirkja til byggingarfulltrúa.

Samþykkt samhljóða.

#### **2. Umsókn um stækkun lóðar.**

Kristján Úlfarsson sækir um stækkun lóðar við fasteign sína að Sunnuvegi 11. Óskin er að fá að færa lóðarmörk sunnanmegin við húsið um 8 metra og er ástæða stækkunar sú, að færa lausan 25 m<sup>2</sup> skúr er hýsir hársnyrtistofu, frá norðurenda yfir að suðurhluta þar sem hann ætlar að stækka húsið í norðurátt .

USB samþykkir umbeðna stækkun á lóð þar sem, skv. aðalskipulagi er ekki gert ráð fyrir nýtingu lóðar sunnan við Sunnuveg 11.

Samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert, fundargerð lesin upp og samþykkt samhljóða.

Fundi slitið kl. 13:05